

# VERKLAGSREGLUR

## um innleiðingu nýrra gjaldsvæða á borgarlandi Reykjavíkur

### 1. Tilgangur og gildissvið

- 1.1. Tilgangur þessara verklagsreglna er að tryggja að gagnsætt og opið verklag sé viðhaft við skilgreiningu nýrra gjaldsvæða fyrir bílastæði á borgarlandi Reykjavíkur. Reglur þessar gilda fyrir öll bílastæði á borgarlandi og á lóðum í eigu borgarinnar.

### 2. Orðskýringar

- 2.1. *Gjaldskylt bílastæði* er bílastæði merkt sem slíkt, þar sem innheimt er gjald skv. gjaldskrá gjaldskyldra bílastæða í Reykjavík.
- 2.2. *Gjaldsvæði* afmarkar svæði gjaldskyldra bílastæða. Sérhvert gjaldsvæði getur haft mismunandi verð, gjaldskyldutíma og kvaðir um hámarkstíma. Ný gjaldsvæði eru innleidd samkvæmt verklagsreglum þessum. Verði, gjaldskyldutíma og kvöðum um hámarkstíma gjaldsvæða er breytt samkvæmt verklagsreglum um verðbreytingar gjaldsvæða á borgarlandi Reykjavíkur.
- 2.3. *Gjaldskrá gjaldsvæða* á borgarlandi Reykjavíkur gildir fyrir gjaldskyld bílastæði. Sjá nánar lið nr. 4.
- 2.4. *Gjaldskyldutími* er sá tími dags sem gjaldskylda er í gildi og er breytilegur eftir gjaldsvæðum.
- 2.5. *Íbúakortasvæði* er gjaldsvæði þar sem íbúakort gilda. sbr. reglur um bílastæðakort íbúa í Reykjavík.
- 2.6. *Íbúakort* veitir heimild til að leggja bifreið án endurgjalds í gjaldskyld bílastæði innan þess gjaldsvæðis sem íbúakortið tekur til, sbr. reglur um bílastæðakort íbúa í Reykjavík.

### 3. Markmið

- 3.1. Að framfylgja markmiðum Aðalskipulags Reykjavíkur og stuðla að fjölbreyttri notkun bílastæða í borgarlandi með því að stýra eftirspurn eftir bílastæðum og styðja þannig við þjónustuaðila, gesti og íbúa.

### 4. Gjaldsvæði og gjaldskrá

- 4.1. Reykjavíkurborg innheimtir gjöld fyrir notkun bílastæða á gjaldsvæðum sbr. gjaldskrá gjaldskyldra bílastæða í Reykjavík. Gjaldskrá er endurskoðuð a.m.k. árlega. Yfirlit yfir staðsetningu, tegund og gjöld gjaldsvæða er aðgengilegt á vef Reykjavíkurborgar:  
<http://www.bilastaedasiohur.is/gjaldskylda/gjaldsvaedin>.

### 5. Innleiðing nýrra gjaldsvæða

- 5.1. Hagsmunaaðilar staðsettir við tiltekna götu/lóð, s.s. fyrirtæki, stofnanir, hagsmunasamtök og íbúar, geta óskað eftir því að innleitt verði nýtt gjaldsvæði með því að senda inn beiðni til Reykjavíkurborgar á netfangið bilastaedasiohur@reykjavik.is. Í beiðninni skal rökstyðja þörf á gjaldskyldu bílastæða og lýsa vandamálum sem snúa að bílastæðum fyrir íbúa/gesti/þjónustuaðila.
- 5.2. Reykjavíkurborg getur lagt til að skilgreint verði nýtt gjaldsvæði án þess að beiðni liggja fyrir og skal þá fylgja sama verklagi hér að neðan.
- 5.3. Við mat á innleiðingu nýrra gjaldsvæða safnar Reykjavíkurborg upplýsingum um:
  - a) Bílastæðanýtingu á viðkomandi svæði yfir mismunandi tíma dags.
- 5.4. Við ákvörðun á innleiðingu nýrra gjaldsvæða er horft til þess að:
  - a) Bílastæðanýting sé að jafnaði yfir 85% á þeim tímum sem eftirspurn er í hámarki svo tilefni sé til að stofna nýtt gjaldsvæði, og/eða
  - b) Reykjavíkurborg metur svo að innleiðing á nýju gjaldsvæði sé mikilvægur liður í að ná markmiðum sem tilgreind eru í 3. gr.

### 6. Ákvörðun á verði og gjaldskyldu nýrra gjaldsvæða

- 6.1. Reykjavíkurborg metur verð og gjaldskyldutíma bílastæða innan nýrra gjaldsvæða hverju sinni, sbr. verklagsreglur um verðbreytingar gjaldsvæða á borgarlandi Reykjavíkur.

## **7. Skyldur Reykjavíkurborgar**

- 7.1. Samþykki Reykjavíkurborg að innleiða nýtt gjaldsvæði, eru hagsmunaaðilar upplýstir um mörk gjaldsvæðisins, gjaldskrá og hvort íbúar innan gjaldsvæðisins eigi kost á íbúakorti, sbr. reglur um bílastæðakort íbúa í Reykjavík.
- 7.2. Samþykki Reykjavíkurborg ekki að stofna nýtt gjaldsvæði, er viðkomandi umsóknaraðila (sbr. grein 5.1) tilkynnt um niðurstöður þess efnis.
- 7.3. Við innleiðingu nýrra gjaldsvæða skal Reykjavíkurborg:
  - a) Annast uppsetningu skilta og gjaldmæla og viðhalda borgarlandi.
  - b) Veita upplýsingar um gjaldskrá, gjaldsvæði, íbúakortasvæði, greiðslumöguleika og upplýsingar um stöðvunarbrot á vefsíðu borgarinnar: <https://www.bilastaedasjodur.is/>.

## **8. Endurskoðun**

- 8.1. Reykjavíkurborg áskilur sér rétt á að endurskoða verklagsreglur um fjölgun gjaldsvæða á borgarlandi Reykjavíkur árlega, með hliðsjón af reynslu og nýjum upplýsingum.